

**Nd.**

**286. Frumvarp til laga**

**[252. mál]**

um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 12. gr. bætast nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

Fangaverðir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Í tengslum við gerð sérkjarasamnings við Landssamband lögreglumanna síðast liðið sumar var gerð bókun þar sem segir m.a. að aðilar séu sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afnuminn og að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því á Alþingi að í lögum um lögreglumenn, nr. 56/1972, komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins.

Í framhaldi af gerð sérkjarasamnings við Landssamband lögreglumanna var gert samkomulag við Tollvarðafélag Íslands og með því samkomulagi var gerð bókun efnislega samhljóða þeirri sem gerð var við lögreglumenn.

Í samræmi við framangreindar bókanir hefur nú verið lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á 4. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, þar sem lagt er til að lögreglumönnum ríkisins verði bannað að gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun. Samkvæmt áðurnefndri 4. gr. teljast tollverðir og skipshafnir varðskipa til lögreglumanna ríkisins.

Við gerð áðurnefnds frumvarps lagði Fangavarðafélag Íslands áherslu á að þeir yrðu skilgreindir sem lögreglumenn og féllu þá jafnframt undir bann við verkfalli auk þess sem þeir með þeim hætti mundu einnig njóta bótaákvæðis 2. mgr. 5. gr. þeirra laga.

Fangaverðir eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem er eitt af aðildarfélögum BSRB. Í núgildandi lögum um sammingsrétt BSRB er heimild til verkfalla takmörkuð m.a. með því að þrátt fyrir verkfall skuli haldið uppi nauðsynlegri öryggisvörslu. Á grundvelli þess ákvæðis var fangavörðum gert skylt að sinna öllum sínum störfum í þeim tveimur verkföllum sem BSRB hefur boðað til. Þessar ákvarðanir voru teknar af kjaradeilunefnd án ágreinings í nefndinni. Í framangreindum verkföllum BSRB hefur ekki verið ágreiningur við fangaverði vegna takmörkunar á verkfallsrétti þeirra.

Í 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. frumvarps til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er nú hefur verið lagt fyrir Alþingi er ákvæði um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu verði ekki heimilað að gera verkfall.

Ráðuneytið telur ekki rétt að fangaverðir verði skilgreindir sem lögreglumenn í 4. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, heldur verði öll ákvæði um réttarstöðu þeirra í lögum um fangelsi og vinnuhæli. Með hliðsjón af þeirri leið sem valin hefur verið til að undanþiggja lögreglumenn verkfallsrétti er talið rétt að undanþiggja fangaverði verkfallsrétti með sama hætti.

Um fangaverði er fjallað í 12. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að við 12. gr. bætist ákvæði um að fangavörðum verði óheimilt að gera verkfall eða taka þátt í verkfallsboðun.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsla og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Þetta ákvæði er samhljóða 2. mgr. 5. gr. laga um lögreglumenn. Hefur slíkt bótaákvæði gilt um þá í marga áratugi.

Með hliðsjón af eðli starfa fangavarda er lagt til að um þá gildi sams konar bótaákvæði vegna meiðsla eða tjóns sem þeir verða fyrir í starfi sínu.